

**115. fundur byggingarnefndar**  
**haldinn á fundarstað 1, 10. maí 2019 og hófst hann kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**

Björn Ingason, Unnar Eiríksson, Elmar Sigurgeirsson, Gunnar Pálsson og Vigfús Björnsson.

**Fundargerð ritaði:** Vigfús Björnsson, Skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Tjarnartún 4 bílskúr 2019 - 1904010**

P.J. verktakar ehf., kt. 650602-3310, Smáratúni 8, Svalbarðseyri, sækja um byggingarleyfi vegna 54,2 fm. bílgeymslu við syðri íbúð parhúss við Tjarnartún 4, Svalbarðseyri. Meðfylgjandi eru uppdættir frá Þresti Sigurðssyni á Opus verkfræðistofu dags. 2019-04-11.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**2. Hleiðargarður fjós 2019 - 1904007**

Helga Björg Sigurðardóttir, kt. 030862-5549, Hleiðargarði, Eyjafjarðarsveit, sækir um byggingarleyfi vegna 479,2 fm. viðbyggingar við fjós og breyttar notkunnar 362,4 fm. hlöðu sem innréttuð verður sem fjós í Hleiðargarði. Meðfylgjandi eru uppdættir frá AVH teiknistofu dags. 2019-04-17.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**3. Hrafnagil 2 endurbygging íbúðarhúss 2019 - 1904008**

Hrafnagil ehf., kt. 570400-2740, Hrafnagili, sækir um byggingarleyfi vegna endurbyggingar íbúðarhúss að Hrafnagili 2, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru uppdættir frá VGS verkfræðistofu dags. 2019-05-05.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**4. Brúnalaug viðbygging 2019 - 1902009**

Gísli Hallgrímsson, kt. 300357-7419, Brúnalaug, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja 112 fm. viðbyggingu við íbúðarhúsið að Brúnalaug. Erindinu fylgja uppdættir frá VGS verkfræðistofu dags. 2019-03-03.

*Nefndin samþykkir erindið.*

**5. Syðri-Bakki skemma 2019 - 1904009**

Rúnar Gústafsson, kt. 280158-4109, Syðri-Bakka, Hörgársveit, sækir um byggingarleyfi vegna byggingar 154,8 fm. skemmu að Syðri-Bakka. Meðfylgjandi eru uppdættir frá Birgi Ágústssyni, dags. feb. 2019.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**6. Skjaldarvík hótél breytt notkun 2019 - 1902008**

Concept ehf. kt. 410605-1710, Skjaldarvík, Hörgársveit, sækir um byggingarleyfi vegna breyttrar notkunar húsnæðis gistiheimilis í Skjaldarvík, þar sem herbergi á 2. hæð í norður álmu eru tekin í notkun í gistiþjónustu. Meðfylgjandi eru uppdættir frá

Kollgátu dags. 2019-02-06.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**7. Stóri-Dunhagi fjós 2019 - 1902011**

Stóri-Dunhagi ehf. kt. 620113-0850, Stóra-Dunhaga, Hörgársveit, sækir um byggingarleyfi vegna byggingar 806,9 fm. fjóss í Stóra-Dunhaga. Meðfylgjandi eru uppdrættir frá Eflu verkfræðistofu dags. 2019-02-20.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið en bendir á ákvæði um stærðir legubása í 1. viðauka reglugerðar um velferð nautgripa nr. 1065/2014.*

**8. Lækjarvellir 6 verkstæði 2018 - 1812005**

K-50 ehf. kt. 551217-1830, Vesturvör 32a, 201 Kópavogi, sækir um byggingarleyfi fyrir 717,6 fm atvinnuhúsnæðis á lóðinni Lækjarvelli 6, Hörgársveit. Meðfylgjandi eru uppdrættir frá Mansard teiknistofu ehf. dags. 2019-02-12.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**9. Lækjarvellir 18 verkstæði - 1904012**

Vökvapjónusta Kópasker ehf. kt. 451297-2609, Bakkagötu 6 670 Kópaskeri, sækir um byggingarleyfi vegna 531,5 fm. atvinnuhúsnæðis á lóðinni Lækjarvöllum 18, Hörgársveit. Meðfylgjandi eru uppdrættir frá Eflu verkfræðistofu dags. 2019-04-30.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**10. Rauðhús 9 frístundahús 2019 - 1904011**

Erla Ösp Ingvarsdóttir kt. 230480-3469 Snægili 20, 603 Akureyri, sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóðinni Rauðhús 9, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi erindinu eru uppdrættir frá Effort teiknistofu, dags. 2019-05-07.

*Nefndin samþykkir að taka erindið inn á afbrigðum.*

*Byggingarnefnd samþykkir erindi.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:25**

---

Björn Ingason

---

Unnar Eiríksson

---

Elmar Sigurgeirsson

---

Gunnar Pálsson

---